



HÜSSJÓÐUR ÖRYRKJABANDALAGSINS

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	10/5 2016
Málsnr:	16.5161
Bréfal:	521.2

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 6. maí 2016

Umsókn um lóð

BRYNJA Hússjóður Öryrkjabandalagsins sækir um lóðirnar Kvistavelli 63-65. Skilyrði er sett að hægt verði að breyta lóðunum fyrir 4 íbúða ráðhús sem eru af stærðinni 90-100 m² hvert. Jafnframt er óskað eftir niðurfellingu á byggingarréttargjöldum vegna umrædda lóða.

Hugmynd BRYNJU Hússjóð er að reisa þarna 4 íbúðir í litlum ráðhúsum á einni hæð. Íbúðirnar eru sérhannaðar fyrir skjólstæðinga BRYNJU Hússjóð. Hér er um sérbýli að ræða og nýung í búsetukostum fyrir öryrkja, en BRYNJA Hússjóður hefur reist slikar íbúðir í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og Reykjanesbæ.

Þar sem um sérgreindar íbúðir eru að ræða sem eru ætlaðar öryrkjum, sem koma til með að greiða leigu, sem hlutfall af byggingakostnaði er ljóst að lækkun á byggingarréttargjöldum kemur væntanlegum íbúðum til góða.

Til þess að hægt sé að bjóða uppá þennan búsetukost í Hafnarfirði, óskar BRYNJA Hússjóður eftir því við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að byggingarréttargjöld verði ekki innheimt af áðurnefnum ráðhúsum, á meðan þau eru í eigu BRYNJU Hússjóð.

F.h BRYNJU Hússjóðs Öryrkjabandalagsins

Björn Arnar Magnússon
Framkvæmdastjóri